

Föstudaginn 30. október 1987.

Nr. 7/1987.

Hið íslenska kennarafélag

(Viðar Már Matthiasson hdl.)

gegn

fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs

(Haraldur Jóhannessen hdl.).

Kjarasamningur. Kennarar.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta dæma Garðar Gíslason, Auður Þorbergsdóttir, Jónas Gústavsson, Allan V. Magnússon og Ragnar H. Hall.

Málið, sem tekið var til dóms 28. þ.m., er höfðað með stefnu birtri 13. október 1987.

Stefnandi er Hið íslenska kennarafélag, Lágmúla 7, Reykjavík.

Stefndi er fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, Arnarhvoli, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

Í fyrsta lagi, að viðurkennt verði með dómi Félagsdóms, að skilja beri kjarasamning málsaðila frá 30. mars 1987 þannig, að stefnda sé skylt að greiða í tímakaup í dagvinnu 0,615% af mánaðarkaupi í hverjum launaflokki miðað við 5. launaprep þess launaflokks.

Í öðru lagi, að viðurkennt verði með dómi Félagsdóms, að greiða beri álagsgreiðslur samkvæmt sama kjarasamningi sem hlutfall af tímakaupi í dagvinnu, eins og það tímakaup er ákvarðað í tl. 1.2.1. í samningnum.

Í þriðja lagi er þess krafist, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað að mati dómsins og að við málskostnaðar-ákvörðun verði tekið tillit til þess, að greiða ber söluskatt á lögfræðiþjónustu.

Dómkröfur stefnda eru þessar:

Að öllum kröfum stefnanda verði hafnað og viðurkennt verði með dómi Félagsdóms, að í kjarasamningi málsaðila frá 30. mars 1987 skuli tímakaup í dagvinnu í hverjum launaflokki vera 0,615% af mánaðarkaupi miðað við launaprep 6 ára prófaldurs, þ.e. núverandi 4. launaprep, og að launagreiðslur, sem samningur aðila ákveður sem hlutfall dagvinnutímakaups, skuli miðast við dagvinnutímakaupið þannig dæmt.

Stefndi krefst og málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómsins.

I.

Stefnandi kveður aðild stefnanda byggjast á beinum fyrirmælum 4. mgr. 27. gr. laga nr. 94/1986 og að ágreiningsefni málsins snúist um skilning á kjarasamningi aðila, sem gerður hafi verið 30. mars 1987 með gildistíma frá 1. febrúar 1987 til 31. desember 1988. Fyrir gildistöku kjarasamnings aðila hafi gilt aðalkjarasamningur BHMR og stefnda og sérkjarasamningur stefnanda, báðir með gildistíma frá 1. mars 1987.

Stefnandi kveður gr. 1.2.1. í aðalkjarasamningnum hafa kveðið á um það, að tímakaup í dagvinnu í hverjum launaflokki skyldi vera 0,615% af mánaðarkaupi miðað við 5. launaprep hvers launaflokks. Í sama samningi hafi í gr. 1.5.1. verið svohljóðandi ákvæði:

„Vaktaálag fyrir hverja klukkustund skal vera 33,33% af dagvinnukaupi, sbr. 1.2.1., á tímabilinu kl. 17-24, 45% á tímabilinu frá kl. 00-08, svo og á laugardögum, sunnudögum og sérstöfum frídögum öðrum en stórhátíðum, en 90% af þeim dögum, sbr. 2.1.4.3. Brot úr klukkustund greiðist hlutfallslega.“

Var framkvæmd á greiðslu launa af hálfu stefnda í samræmi við framanlýst samningsákvæði, sem stefnandi telur ótvíræð, og segir stefnandi, að ekki hafi verið ágreiningur með samningsaðiljum um þá framkvæmd.

Við gerð kjarasamnings aðila máls þessa kveður stefnandi, að ekki hafi verið samið um neinar breytingar á tímakaupsviðmiðun í dagvinnu, sbr. gr. 1.2.1. í aðalkjarasamningnum né afleiddum ákvæðum, t.d. gr. 1.5.1. Stefnandi kveður kjarasamning málsaðila frá 30. mars 1987 fela í sér þær breytingar, sem aðilar vildu að gerðar yrðu, en að öðru leyti skyldu önnur ákvæði gilda óbreytt. Stefnandi kveður afstöðu þessa koma fram í 1. gr. síðastgreinds kjarasamnings, þar sem segir:

„Öll ákvæði áðurgildandi aðal- og sérkjarasamninga milli ofangreindra aðila framlengist til 31. desember 1988 með þeim breytingum, sem í samningi þessum felast og falla þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar.“

Stefnandi kveður engar kröfur hafa komið fram um það af hálfu stefnda, áður en gengið var í gerð kjarasamningsins frá 30. mars 1987, að breytt yrði þeirri viðmiðun tímakaups og álagsgreiðslna,

sem skýrlega hafi verið tilgreind í aðalkjarasamningnum, enda kveðst stefnandi ekki mynda hafa ljáð máls á slíkri breytingu. Stefnandi kveður ekkert í kröfugerð HÍK gefa neitt tilefni til að álykta, að þar sé stoð fyrir breytingu þeirri, sem stefndi heldur fram. Með kjarasamningi málsaðila hafi launatöflu verið breytt nokkuð. Þær breytingar hafi varðað fækkun þrepa um eitt. Breytingarnar hafi haft þann tilgang að minnka bilið milli hæstu og lægstu launa með þeim hætti, að lægri þrep fengju meiri hækkun, og fellt var niður eitt þrep, þ.e. 3. þrep. Jafnframt hafi verið um breytingar á prósentubili milli þrepa að ræða. Aldrei hafi hins vegar verið samið um, að tímakaup í dagvinnu skyldi miðast við annað þrep en 5. þrep, eins og gildi samkvæmt aðalkjarasamningnum. Stefnandi vill upplýsa að gefnu tilefni frá stefnda, að Prestafélag Íslands hafi gert kjarasamning þann 5. mars 1987. Samkvæmt honum fáí prestar tilteknar álagsgreiðslur greiddar miðað við 4. þrep. Stefnandi telur, að fráleitt sé, að stefndi geti dregið af þessu ályktanir sér í vil, enda hafi sérstaklega verið um þessa viðmiðun samið og það sé skýrlega tilgreint í kjarasamningi Prestafélags Íslands, bókun nr. 4.

Þá bendir stefnandi á sem dæmi, að samkvæmt kjarasamningum stefnda við tvö aðildarfélög BSRB frá því í apríl 1987, þ.e. við Starfsmannafélag ríkisstofnana og Félag íslenskra símamanna, sé greitt tímakaup í dagvinnu miðað við 0,615% af mánaðarlaunum í 4. þrepi. Einnig í þessum tilvikum hafi sérstaklega og með ótvíráðum hætti verið um þetta samið, og komi það fram í 10. gr. umræddra sérkjarasamninga.

Stefnandi kveður engin slík rök eða sjónarmið eiga við í því tilviki, sem hér er til meðferðar.

Stefnandi kveður afstöðu sína hafa verið þá eftir gerð kjarasamningsins frá 30. mars 1987, að viðmiðun við tímakaup í dagvinnu yrði óbreytt frá því, sem áður var. Hið sama hafði gilt um viðmiðun álagsgreiðslna. Stefnandi segir stefnda gefa út launatöflur, er lagðar séu til grundvallar við útreikning launa. Efni þeirra hafi þó ekki sjálfstætt gildi, enda séu þær teknar saman og unnar einhliða af stefnda. Hafi launatafla nr. 109 verið sú fyrsta, sem út var gefin eftir gerð margnefnds kjarasamnings aðila, og sé útgáfudagur þeirrar launatöflu 21. maí 1987. Launatafla nr. 110 kom út þann 29. maí 1987.

Í launatöflum þessum sé tilgreint tímakaup í dagvinnu, og sést við útreikning, að það er miðað við 4. launaprep. Stefnandi kveður stefnda ekki hafa tilkynnt sér þessa breyttu viðmiðun sérstaklega. Þegar tekið var að greiða laun eftir þessari tímakaupsviðmiðun í dagvinnu, þ.e. 4. þrepi, svo og álagsgreiðslur, hafi einstakir félagsmenn þegar beint athugasemdum til stefnda. Stefnandi kveðst hafa haft samband við skrifstofustjóra launadeildar stefnda og formann samninganefndar stefnda og mótmælt þeirri nýju viðmiðun, sem stefndi tók upp að þessu leyti. Af hálfu stefnanda er upplýst, að haldinn hafi verið fundur með fjármálaráðherra vegna þessa og ritað bréf þann 13. ágúst 1987. Hafi fundir þessir og bréf ekki borið árangur. Afskipti lögmanns stefnanda hafi ekki heldur leitt til þess, að stefndi félli frá hinni nýju viðmiðun sinni, og sé stefnandi því knúinn til þess að leita dómstólaverndar á rétti sínum. Sé mál þetta höfðað til þess.

Stefnandi bendir á, að flest aðildarfélög BHMR eigi í sambærilegri deilu við stefnda og að samkomulag sé um að láta úrslit þessa máls vera ráðandi um niðurstöðu í deilu annarra aðildarfélaga BHMR og stefnda.

Málsástæður stefnanda eru þær, að það beri að skilja samninginn í samræmi við skýr ákvæði hans, enda hafi aldrei verið um annað samið. Ákvæði greinar 1.2.1. í aðalþjarsamningi hafi átt að vera óbreytt, og engar kröfur hafi komið fram um breytingu á því. Stefndi hafi farið fram á breytingu á launaprepum og hafi viljað fækka þeim úr 8 í 7, og eftir baráttu hafi stefndi fengið því framgengt. Sérstaklega hafi verið samið um, að „stílapeningar“ skyldu miðast við tímakaup í dagvinnu, og þess vegna hafi verið hagsmunamál fyrir stefnanda í samningunum, við hvað tímakaupið skyldi miðað. Niðurstaða í samningum aðila hafi verið sú, sem orðalag samnings þeirra segi til um, og um annað hafi þeir ekki samið. Stefnandi taki sérstaklega fram, að aldrei hafi verið talað um að miða tímakaup við starfsaldur. Viðmiðun samningsins fyrir tímakaup sé tiltekið launaprep, en ekki starfsaldur. Hafi stefndi haft í huga við samningsgerðina að miða tímakaup við ákveðinn starfsaldur, en ekki launaprep, þá hafi hann haldið því fyrir sig og ekki talað um það og því síður gert kröfu um slíkt. Sú tímakaupsviðmiðun og sú viðmiðun álagsgreiðslna, sem áður gildi, hafi átt að gilda áfram, og stefndi hafi því enga heimild haft

né rök fyrir því að framkvæma samning aðila á anna hátt á sitt eindæmi.

Stefnandi kveður rök sín ekki eingöngu þessi almennu rök um sammingsgerð aðila, heldur einnig sérstök lögfræðileg rök um túlkun samninga. Aðalreglan sé, að leggja beri hinn skráða texta til grundvallar og að stefndi beri sönnunarbyrði um, að samið hafi verið öðruvísi en textinn segi til um. Sú sönnun hafi ekki tekist. Þegar um túlkun kjarasamninga sé að ræða, séu fræðimenn sammála um, að reglan sé þessi: Að leggja beri til grundvallar það, sem aðilar eru sammála um, að hafi verið um samið, þótt það fari í bága við hinn skrifada texta, en séu þeir ekki sammála, þá beri að leggja hinn skráða texta til grundvallar.

II.

Stefndi kveður ágreiningsefnið vera einfalt, þ.e. hvort samið hafi verið um, að viðmiðun dagvinnutímakaups skyldi breytast innan launakerfisins eða ekki. Ágreiningslaust sé með aðilum, að þetta hafi ekki borist í tal þeirra í milli í samingunum.

Málsástæður stefnda séu þær, að skilja beri kjarasamning aðila eftir efni sínu, eðli máls og tilgangi aðila. Ekki hafi verið ætlun aðila að breyta því, að viðmiðun dagvinnutímakaups skyldi vera 6 ára starfsaldursþrepið í launatöflunni, þegar breyting varð á uppbyggingu töflunnar frá fyrri samningi. Stefndi taki undir það sjónarmið stefnanda, að nauðsynlegt hefði verið að semja um breytingar, sem gera hafi átt á kjarasamningi málsaðila, en bendir á, að ágreiningurinn í máli þessu snúist um það, hverju hafi verið breytt og hvað hafi átt að vera óbreytt. Sjónarmið stefnda sé, að breytt nafngift á starfsaldursþrepi sé ekki breyting á efni sammings. Á bak við þrepin sé ákveðinn aldur, og þrepin miðist við það. Sex ára prófaldur hafi tekið við af sex ára starfsaldri, en sé í raun það sama. Verið sé að meta starfsreynslu manna og miða laun við hana, og hafi þrep eitt sér enga þýðingu, heldur komi þýðing þess af því, sem á bak við stendur.

Stefndi telur, að það að miða tímataxta dagvinnu við 4. þrep núverandi launatöflu sé óbreyttur samningur í þeim skilningi, að kjaraleg og sammingsleg áhrif þess ákvæðis séu sem næst óbreytt frá því, sem áður var. Til þess að breyta þessu hefði þurft nýtt sammingsákvæði. Það hafi ekki verið gert, enda staðreynd, að í samningaviðræðum við þann á fjórða tug félaga ríkisstarfsmanna,

sem samið var við, hafi aldrei verið krafist breytinga eða slíkt orðað af hálfu nokkurs félaga.

Stefndi bendir á, að ef miða ætti dagvinnutímakaup við 5. launaþrep launatöflu samningsins frá 30. mars 1987, þýddi slíkt, að starfsaldursviðmiðunin væri 10 ár. Slíkt hefði í för með sér 4% hækkun á tímakaupi. Um slíkt hafi ekki verið rætt í síðustu samningum, enda ekki staðið til að breyta viðmiðun dagvinnutímakaups og afleiddum greiðslum.

Gerð jafnviðamikilla samninga sem aðalkjarasamninga og sérkjarasamninga opinberra starfsmanna í tímapröng feli í sér hættu á mistökum og yfirsjónum í frágangi texta. Auðvitað hefði verið rétt að breyta tilvísunum í grein 1.2.1. þannig, að vísað væri til 4. þreps, en ekki 5. þreps, eftir að launatöflu hafði verið breytt, en engum muni hafa komið það í hug, þar sem ekki var til umræðu að breyta viðmiðun dagvinnutímakaupsins. Að hér hafi verið um vangá að ræða, sjáist berlega á því, að í grein þessari er vísað til 8. launaþreps um dagvinnutímakaup eftirlaunaþega, þótt 8. launaþrep sé ekki lengur til í launatöflunni.

Jafnframt byggir stefndi á því, að allt frá árinu 1974, þegar fyrstu kjarasamningarnir voru gerðir á milli fjármálaráðherra og BHMR, hafi viðmiðun fyrir tímakaup í dagvinnu verið sambærileg í samningum við bæði bandalögin, BHMR og BSRB, þ.e. ætíð hafi, því sem næst varð komist, sami starfsaldur eða jafngildi hans ráðið tímakaupsviðmiðuninni, þótt uppbygging launataflna hafi ekki verið hin sama.

Árið 1985 hafi verið teknar upp 8 þrepa launatöflur í aðalkjarasamningum beggja bandalaganna. Með úrskurði Kjaradóms 16.2. 1985 um aðalkjarasamning BHMR var viðmiðun dagvinnutímakaups ákveðin skv. 1. launaþrepi, þ.e. miðaðist áfram við 25-31 árs ævialdur eða 1 árs starfsaldur. Í aðalkjarasamningi BSRB 20.6. 1985 var hins vegar gerður samningur um þriggja ára starfsaldur sem dagvinnutímakaupsviðmiðun eða 4. þrep skv. þágildandi launatöflu. Þessi samningur við BSRB hafði þau áhrif, að 12.7. 1985 dæmdi Kjaradómur breytingu á aðalkjarasamningi BHMR, sem m.a. fól í sér, að dagvinnutímakaupsviðmiðun færðist út 1 árs til þriggja ára starfssaldurs til samræmis við BSRB. Þessi niðurstaða dómsins var í samræmi við kröfugerð beggja málsaðila, þ.e. ríkisins og BHMR.

Í samningum 1986 var síðan samið við bæði bandalögin, BHMR og BSRB, um, að dagvinnutímakaupsviðmiðun skyldi vera 6 ára starfsaldur, sem þá var 5. launþrep í 8 þrepa töflum. Um þetta vísist til greinar 1.2.1. í aðalkjarasamningi fjármálaráðherra og BHMR frá 21. mars 1986 og BSRB frá 28.2. 1986.

Aðildarfélög BSRB taka til helmings allra ríkisstarfsmanna. Ágreiningslaust hafi verið, að í samningum þeirra félaga sé dagvinnutímakaupsviðmiðunin 6 ára starfsaldursþrepið, hvort sem það er sérstaklega tilgreint í samningum eða ekki. Ljóst sé, að í samningum við BHMR-félög geti ekki allt í einu gilt önnur regla, án þess að um það sé sérstaklega samið.

Stefnandi bendi m.a. á sérstakt ákvæði í samningi við Prestafélag Íslands um ákveðnar aukagreiðslur.

Í bókun 4 með samningi presta sé staðfestur sá sameiginlegi skilningur samningsaðila, að 5. þrep fyrri samnings svari til 4. þreps hins nýja samnings og 6. þrep eldri samnings til 5. þreps hins nýja. Sé það í samræmi við afstöðu stefnda í máli þessu.

Stefndi bendi einnig á, að Prestafélag Íslands hafi verið fyrsta félagið í BHMR, sem samið var við. Þessi bókun og þar með þessi skilningur samningsaðila hafi legið fyrir, þegar þau félög, sem á eftir komu, gerðu sína samninga. Engar athugasemdir eða kröfur um annað hafi komið fram frá þeim.

Í upphafi samningaviðræðna við aðildarfélög BHMR hafi samninganefnd ríkisins lagt það til við fulltrúa BHMR, að launatöflu félaganna yrði breytt í þeim tilgangi að hækka byrjunarlaun umfram önnur laun og að draga úr áhrifum starfsaldurs. Samninganefnd ríkisins lagði til, að tilgangi þessum yrði náð með því að fella niður hækkun eftir tveggja ára starfsaldur, en hækka í stað þess byrjunarlaun og laun eftir eins árs starfsaldur verulega umfram önnur laun. Ennfremur fólst í tillögunni að jafna bil milli þrepa og fækka þeim frekar þannig, að alls yrðu þrepin 6.

Þessi tillaga að launatöflu var síðan lögð til grundvallar í viðræðum við aðildarfélög BHMR, og um hana var samið við sex félög, áður en gerðir voru samningar við stefnanda. Þeir samningar voru við:

Prestafélag Íslands	5. mars
Stéttarélag lögfræðinga	14. mars
Félag viðskipta- og hagfræðinga	18. mars

Félag isl. fræða	21. mars
Útgarð - félag háskólamanna	21. mars
Kjarafélag tæknifræðinga	23. mars

Tilgangur breytinga á launatöflu hafi verið að hækka byrjunarlaun. Umræður samningsaðila snerust um það, en viðmiðun fyrir tímakaup í dagvinnu kom ekki til tals, enda höfðu frá hvorugum aðila komið fram áform um að breyta þeim á annan hátt en launum var almennt breytt. Því marki sé náð með því, að tímakaup fyrir dagvinnu miðist við laun fyrir 6 ára starfsaldur, eins og áður var, þ.e. 4. launþrep nú.

Í samningi við HÍK hafi verið notuð sama launatafla og að framan greinir, að því breyttu, að bætt var við einu launþrepi, þ.e. eftir 18 ára starfsaldur.

Í viðræðunum við HÍK hafi viðmiðun fyrir tímakaup í dagvinnu ekki komið til umræðu frekar en í öðrum samningum. Við lokagerð samningsins hafi verið ákveðið að taka í hann ákvæði um að miða stílapeninga við sama launþrep og tímakaup fyrir dagvinnu. Efnislega hafi þó ekki verið um breytingu að ræða í þessu atriði.

Í Kjaradómi sem sérkjarasamning, sem gildi frá 1. mars 1985, var ákveðið, að greiðslur þessar skyldi miðast við 2. þrep hins nýja launakerfis, sem ákveðið hafði verið í Kjaradómi um aðalkjarasamning nokkru áður, en þar var jafnframt ákveðið að miða tímakaup í dagvinnu við 2. þrep, eins og áður segir.

Með þessum dómi var tiltölulegri upphæð stílapeninga breytt og vægi þeirra minnkað. Með tilliti til þess, að samningsaðilar höfðu hvorki í samningaviðræðum né í málflutningi fyrir dómi haft í frammi kröfur um breytingar í þessu efni, ákvað fjármálaráðuneytið að miða þessar greiðslur við 4. þrep í stað 2. þreps skv. dómnum. Í Kjaradómi 1986 var enn ákveðið, að viðmiðun stílapeninga yrði 2. þrep. Þá ákvað stefndi aftur, að greiðslur skyldu miðast við 5. þrep eða 6 ára starfsaldur eins og dagvinnan.

Auk þess sem framangreint skýri ástæður þær, sem liggja að baki 12. grein samningsins við HÍK frá 30.3. 1987, sé það einnig dæmi þess, og ekki það eina, að skrifuðum samningstexta eða dómi er vikið til hliðar, þegar ljóst er, að hann er ekki efnislega í samræmi við það, sem fram fór milli aðila í undanfara samningsgerðar eða dóms.

Öll umfjöllun um stílapeninga í samningaviðræðum við HÍK var

og reyndar þess efnis, að ekki voru uppi hugmyndir um að hækka þá, heldur hið gagnstæða, þ.e. að fella þá niður eða lækka þá í tengslum við breytingu í vinnumatskerfi kennara. SNR lagði fram tillögur, þar sem gert var ráð fyrir að fella stílapeninga niður í áföngum á samningstímanum. Samninganefnd HÍK svaraði því fyrst með gagentillögu um að láta þá haldast að hluta til út samningstímann, og síðar óskaði hún eftir, að þeir yrðu óbreyttir, þar til nýtt vinnumatskerfi yrði tekið upp. Ekki var af hennar hálfu minnst á tiltölulega hækkun þessara greiðslna.

III.

Ágreiningur málsaðila snýst um það, við hvaða launaprep tíma-kaup í dagvinnu skuli miðast hjá öðrum en eftirlaunabegum.

Aðilar máls þessa gerðu með sér kjarasamning hinn 30. mars 1987. Í 1. gr. hans segir:

„Öll ákvæði áður gildandi aðal- og sérkjarasamninga milli ofangreindra aðila framlengjast til 31. desember 1988 með þeim breytingum, sem í samningi þessum felast, og falla þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar.“

Ákvæði um tímavinnukaup í áður gildandi kjarasamningi, sem þetta ákvæði vísar til, er í grein 1.2.1. og er svohljóðandi:

„Tímakaup í dagvinnu í hverjum launaflokki er 0,615% af mánadarkaupi miðað við 5. launaprep. Tímakaup eftirlaunabega, sbr. grein 1.2.2., skal þó miða við 8. launaprep.“

Í hinum nýja kjarasamningi var engin breyting gerð á þessu ákvæði, sem af þeirri ástæðu er hluti af núgildandi kjarasamningi. Óumdeilt er, að við gerð núgildandi kjarasamnings áttu sér ekki stað neinar viðræður um breytingar á þessu ákvæði. Samkvæmt fortakslausu orðalagi ákvæðisins skal miða tímakaup í dagvinnu við 5. launaprep, enda hefur stefndi engin haldbær rök fært fyrir þeirri skoðun sinni, að þetta tímakaup skuli miðast við launaprep 6 ára prófaldurs, þ.e. núverandi 4. launaprep. Ber því að taka kröfur stefnanda til greina.

Samkvæmt þessu og með vísan til 1. mgr. 177. gr. laga nr. 85/1936 verður stefnda gert að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 50.000,00.

D ó m s o r ð:

Samkvæmt kjarasamningi milli fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Hins íslenska kennarafélags, dagsettum 30. mars 1987,

skal greiða í tímakaup í dagvinnu 0,615% af mánaðarkaupi í hverjum launaflokki miðað við 5. launþrep þess launaflokks.

Greiða ber álagsgreiðslur samkvæmt sama kjarasamningi sem hlutfall af tímakaupi í dagvinnu, eins og það tímakaup er ákvarðað í grein 1.2.1. í samningnum.

Stefndi, fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, greiði stefnanda, Hinu íslenska kennarafélagi, kr. 50.000,00 í málskostnað.

Þriðjudaginn 9. febrúar 1988.

Nr. 5/1986. **Farmanna- og fiskimannasamband Íslands
vegna Stýrimannafélags Íslands**
(Skúli Pálsson hrl.)

gegn
**Vinumálasambandi samvinnufélaganna
f.h. skipadeildar Sambands íslenskra
samvinnufélaga**
(Sveinn H. Valdimarsson hrl.).

Kjarasamningur. Frídagur. Stýrimenn.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta dæma Garðar Gíslason, Auður Þorbergsdóttir, Jónas Gústavsson, Gunnar Guðmundsson og Jón Þorsteinsson.

Málið, sem tekið var til dóms 2. þ.m., er höfðað með stefnu, birtri 2. maí 1986.

Stefnandi er Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, Borgartúni 16, Reykjavík, nnr. 2303-9389, vegna Stýrimannafélags Íslands, s.st., nnr. 8529-1169.